

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

Fundargerð 4. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
7. október 2015 og hófst kl. 17:00.

Fundinn sátu: Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

Forföll boðuðu: Borghildur Sturludóttir og Júlíus Andri Þórðarson.

Frumdrög að skýrslu starfshópsins

Kristinn hafði tekið saman frumdrög með hugmyndum að kaflaheitum í skýrslu starfshópsins, sem endanlega verður skilað. Drögin voru vistuð í Dropbox möppu hópsins. Rætt var um hvernig niðurstöður hópsins yrðu settar fram og áhugi var á að lokaafurðin yrði stutt en skýr.

Aðilar sem þekkja til og hafa hagsmuna að gæta á svæðinu

Rætt var um hverjir það væru sem þekktu til Krýsuvíkursvæðisins eða kynnu að hafa hagsmuni þar. Þessir aðilar koma með mismunandi hætti að svæðinu og listinn er ekki tæmandi:

- Útivistarfolk og áhugafolk um menningu – einstaklingar í Hafnarfirði og víðar.
- Ferðaþjónustuaðilar
- Orkuvinnslufyrirtæki
- Áhugamannafélög s.s. um stjörnuskoðun o.fl.
- Hestamenn og bændur
- Skólafolk

Taka mætti saman hugmyndir sem fram hafa komið um nýtingu á svæðinu og gera stutta samantekt um hvert, með lauslegri lýsingu ávinnings og kostnaðar.

Lykilatriði – „hvað er Krýsuvíkursvæðið?“

Ljóst er að Krýsuvíkursvæðið og margvísleg nýting á því er fjölbreytt. Ein nálgun til að ná utan um verkefnið væri að skilgreina „hvað Krýsuvíkursvæðið væri“, þ.e. finna kjarnaatriðin („konsept“) í svæðinu og nýtingu þess. Bera mætti þessi kjarnaatriði saman við önnur hliðstæð, s.s. auðlindagarða eða Gullna hringinn. Skilgreina mætti fyrir hvert kjarnaatriði: Hvað – hvar – fyrir hvern?

Næstu skref

Niðurstaða var fengin um vettvangsferð um Krýsuvíkursvæðið nk. laugardag, 10. október og var Dagur Jónsson reiðubúinn að fara með hópnum, sem vel var tekið.

Fundi slitið kl. 18:00.

Sent stýrihóp til samþykktar